Hlíðaskóli

Stærðfræði

Námsgögn: Almenn stærðfræði I og Skali 1A og 1B. Stærðfræði hefur 5 kennslustundir á viku

Námsþáttur	tími	Hæfniviðmið úr skólanámskrá	Kennsluhættir	Mat*
Tölur, prósentur og hugtök	9 vikur	• Notað rauntölur og greint samhengi milli talna í ólíkum talnamengjum, • Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim. • Getur nýtt stærðfræðilega þekkingu til að kanna og ræða um stærðfræðileg hugtök • Lesið úr táknmáli stærðfræðinnar, notað það á merkingarbæran hátt, t.d. þýtt af daglegu máli yfir á táknmál stærðfræðinnar og skilið þær leikreglur sem gilda um meðferð þess.	Efninu er skipt í 12 lotur sem nemendur vinna á sínum hraða. Sjálfstæð vinna Reikningur í bækur Þrautalausnir Innlagnir á töflu Einstaklingsmiðaðar áætlanir Einstaklings aðstoð Vinna með stærðfræði forrit, ss. excel og geogebra ásamt því að vinna með rými í minecraft leiknum.	Eftir hverja lotu er könnun sem kemur inn í lokamat hvers tímabils. Að auki gildir önnur vinna metin, ss. vinnubók, stór og smærri verkefni sem tengjast efninu hverju sinni.
Almenn brot	7 vikur	• Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum • gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósenta, • tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi og nýtt vasareikni og tölvur í þeim tilgangi		
Rúmfræði	7 vikur	• Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll og fræðilega eiginleika tví- og þrívíðra forma. • Teiknað skýringarmyndir og unnið með teikningar útfrá gefnum forsendum. • Mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra. Útskýrt stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu.		
Tölfræði og líkindi	7 vikur	• Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum, • Notað tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn lesið, skilið og lagt mat á upplýsingar um líkindi sem birtar eru á formi tölfræði, t.d. í fjölmiðlum • Sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll, • Skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir og dregið ályktanir af þeim		
Algebra	8 vikur	• Leyst jöfnur og einfaldar ójöfnur með einni óþekktri stærð. • Unnið með talnarunur og mynstur og sett fram stæður með breytistærðum.		

Dags. 18. ágúst 2016. kennari
Helga.snaebjornsdottir@rvkskolar.is
Laufey.johannsdottir1@rvkskolar.is

*Námsmat getur breyst